

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Grandaborg

2018 – 2019

Leiðarljós leikskólans: Vinátta – samkennd – virðing



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

1	Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	2
2	Innra mat í leikskólum.....	4
2.1	Stutt greinargerð deildarstjóra Klettavíkur um starfið á síðasta ári.....	5
2.2	Stutt greinargerð deildarstjóra Fjöruvíkur um starfið á síðasta ári	7
2.3	Stutt greinargerð deildarstjóra Ölduvíkur og Skeljavíkur um starfið á síðasta ári	8
3	Ytra mat.....	10
4	Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	10
5	Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	11
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	12
7	Foreldrasamvinna	13
8	Samstarf leik- og grunnskóla.....	14
9	Skipulagsdagar.	15
10	Fylgigögn	15
10.1	Matsgögn	15
10.1.1	Mat á starfsumhverfi.....	15
10.1.2	Umbótaáætlun deilda	15
10.1.3	Umbótaáætlun sérkennslu og vegna barna með annað tungumál en íslensku	15
10.1.4	Langtímaáætlun um innra mat.....	15
10.1.5	Viðhorfsskönnun 2018 – starfsánægja	15
10.1.6	Viðhorfsskönnun 2018 – starfsandi	15
10.1.7	Viðhorfsskönnun 2018 – áreitni/einelti/vitni að fordómum	15
10.2	Umsögn foreldraráðs.....	15
10.3	Skóladagatal 2018-2019	15
10.4	Sí- og endurmenntun 2017-2018	15
10.5	Viðburðadagatal 2017-2018	15

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Skólaárið 2017-2018 var á heildina litið nokkuð gott þar sem starfsandi og ánægja starfsmanna hefur aukist til muna og gaman að finna að þeir sem hér starfa hafa mikinn áhuga á því starfi sem fram fer.

Í upphafi skólaársins 2017-2018 átti að leggja áherslu á gerð nýrrar skólanámskrár. En vegna breytinga í starfsmannahópnum og sérstaklega fækkunar á fagfólki þá hægðist á þeirri vinnu. Drög hafa verið send á skóla- og frístundasvið og hefur ráðgjafi á þeirra vegum farið yfir drögin, komið með ábendingar og hugmyndir. Áframhaldandi vinna er þess vegna í gangi og verður haldið áfram skólaárið 2018-2019 og lengur ef þess þarf.

Breytingar í starfsmannahópnum hafði einnig þær afleiðingar að aðlögun og móttaka nýrra starfsmanna var meiri í höndum fárra aðila og þar af leiðandi meira álag á þeim. Álagi var mætt með því að fjölga ekki börnum í leikskólanum sem nemur stýringu á nýtingu fjármagns og kom það sér vel. Eins og oft vill verða þegar nýtt starfsfólk hefur störf í leikskólum þá fjölgar fjarvistum vegna veikinda. Þess vegna kom það sér vel að vera með fleira starfsfólk til taks í stað þess að senda börn heim

Með breytingu í starfsmannahópnum þá þurfti að endurskoða ýmislegt. Til að mynda var ábyrgð og frumkvæði í hópi þeirra sem ekki tilheyrðu stjórnendateymi aukin. Það var gert með því að hafa fund einu sinni í viku um málefni og viðfangsefni sem unnið er á deildum. Til að mynda voru fastir hópatímar ígrundaðir og ræddir þ.e. myndlist, hreyfing (úti og inni) og útinám auk skipulag samverustunda, frjáls leiks, málörvunar í daglegu starfi, samskipti við matarborð og í fataherbergi. Þetta fundarfyrirkomulag reyndist vel og verður því haldið áfram á næsta skólaári.

Deildastjórar funduðu einu sinni í viku og þeir fundir gegnu mjög vel, sérstaklega þar sem þrír deildarstjóranna eru ekki með leikskólakennararéttindi og fengu þess vegna mikinn stuðning frá deildarstjóra sem er leikskólakennari auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Þeir sem sátu þessa fundi skipa svokallað stjórnunarteymi leikskólans.

Flæði í frjálsum leik var einnig komið á. Flæðið auðveldaði nýjum starfsmönnum að aðlagast og fá tilfinningu starfseminni og kennslu í hvað hægt er að gera með börnum. Tilgangurinn var einnig að auðvelda börnum flutning á milli deilda þegar nær drægi hausti sem og að kynnast fjölbreytileika í viðfangsefnum. Endurskoðun var regluleg og þá sérstaklega út frá starfsmannahópnum og hlutverki hans í flæði. Vegna mikillar ánægju verður flæði haldið áfram á næsta skólaári.

Á haustdögum var ákvörðun tekin í starfsmannahópnum að fara í samstarf við heilsuleikskóla vegna þess að starfshættir sem þar er unnið eftir tengjast vel því starfi sem unnið hefur verið

í Grandaborg. Starf eins og hreyfing, sköpun og útinám hefur verið styrkleiki skólastarfsins í Grandaborg og starfsfólk átt auðvelt með að tileinka sér þær aðferðir. Hjá heilsuleikskólum er einnig lögð áhersla á heilsusamlegt mataræði og þar sem Grandaborg er með matráð þá auðveldaði það ákvörðun að fara í samstarf. Eitt af megin verkfærum heilsuleikskóla er „Heilsubók barnsins“. Heilsubókin heldur utan um framfarir hjá barninu meðan að það er í leikskólanum. Skráning varðandi heilsufar, næringu og þroska, svo eitthvað sé nefnt, kemur fram í bókinni sem færist með barninu á milli deilda og eign þess þegar barnið lýkur leikskólagöngu. Þegar búið var að samþykkja leikskólann hjá samtökum Heilsuleikskóla þá fékk hann verkheiti sem kallast „leikskóli á heilsubraut“. Á þeim tíma sem er ákveðin aðlögun í gangi þar sem áhersla er á að aðlagast viðmiðum heilsuleikskóla og hefja skráningu í heilsubók barnsins. Samhliða samstarfi við heilsuleikskóla var sótt um aðild að heilsueflandi leikskóla á vegum embættis landlæknis og er sú vinna á frumstigi.

Eftir áramót var tekin ákvörðun hjá Skóla- og frístundaráði, í samráði við skóla- og frístundasvið auk leikskólastjóra, að í Grandaborg yrði komið á legg ungbarnadeild þar sem yngstu börn leikskólans yrðu 16 mánaða frá og með haustinu 2018. Þegar innritun fór fram í lok apríl kom í ljós að fjöldi barna fædd 2016 yrði minni en áætlað var og verður staðan í aldursblöndun barna á yngri deildum með svipuðum hætti og verið hefur. Við ákvörðunina var lagst í vinnu við skipulag og breytingar á deildum. Ákveðið var að staðsetning ungbarnadeildar yrði í eystri hluta leikskólans, sem í dag hýsir Fjöruvík. Sú ákvörðun var tekin með það að leiðarljósi að rými sem yngstu börn leikskólans þurfa yrði að vera rúmt með góðu gólfplássi og í meiri nálægð við lóð fyrir yngri börn. Einnig er salernisaðstaða Fjöruvíkur að henta yngri börnum betur en sú sem er fyrir yngstu börnin í dag. Á vordögum var haldinn fundur með foreldrum barna í Grandaborg og þeim kynnt sú breyting sem mun verða eftir sumarlokun 2018.

Viðburðir eru ávallt miklir í Grandaborg og var skólaárið 2017-2018 engin undantekning. Í viðburðadagatali Grandaborgar 2017-2018 má sjá það fjölbreytta starf sem framkvæmt var ýmist af kennurum og nemendum sjálfum en einnig í boði foreldra og foreldrafélags Grandaborgar (sjá fylgiskjal 10.1.5.)

2 Innra mat í leikskólum

Innra mat leikskólans var með tvenns konar hætti skólaárið 2017-2018. Annars vegar það sem áætlað var við gerð starfsáætlunar, skólaárið 2017-2018, og langtímaáætlunar, fyrir árin 2017-2021, en einnig var reglulegt mat í gangi á deildarfundum sem auðveldar deildarstjórum og kennurum að vinna lokamat fyrir komandi starfsáætlanir.

Á skipulagsdegi í október var fyrirhugað að fara yfir starfsumhverfi í Grandaborg en sú áætlun breyttist þar sem starfsmannahópurinn fór á fyrirlestra á vegum menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Aftur á móti unnu starfsmenn á deildarfundum við endurmat á námsumhverfi leikskólans. Til hliðsjónar var í fyrstu áætlað að notast við matsaðferð út frá „Barnið í brennidepli“ 6. lykilþætti en breytt var um gagnaöflun á síðustu stundu og notast við námsvið Aðalnámskrá leikskóla (sjá fylgiskjal 10.1.1.)

Á skipulagsdegi var metin staðan á skólanámskrágerð og átti að styðjast við matsaðferð út frá 1. lykilþætti, árangursvísi 1.1. í „Barnið í brennidepli“. En vegna þess að vinna við skólanámskrá hefur ekki verið í gangi í starfsmannahópnum sem heild að þá var því mati sleppt.

Í júní var síðan síðasta matið unnið, í starfsmannahópnum sem heild. Meta átti umbótaþætti SFS fyrir skólaárið 2017-2018. Matið var unnið á hverri deild fyrir sig og umbótaáætlun, fyrir skólaárið 2018-2019, var unnið samhliða. Ástæða þess að umbótaáætlun fyrir næsta skólaár var lögð fram er vegna þess að í starfsmannahópnum er mikið af nýjum einstaklingum og eru þeir einstaklingar ennþá að kynnast því starfi sem unnið er í Grandaborg. Megin áhersla næsta skólaárs er þess vegna að halda okkur við svipað verklag og verið hefur það er að leggja áherslu á félagslegt læsi, heilsustefnu, útinám, sköpun, flæði á deildum og milli deilda.

Samkvæmt langtímaáætlun og starfsáætlun átti að meta „líðan í starfsmannahópnum“. Þessi þáttur var reglulega ræddur í stjórnendateymi á deildarstjórafundum og á deildarfundum og var reynt að bregðast við um ef upp komu vandamál. Í reglulegri viðhorfskönnun Reykjavíkurborga sem framkvæmd var á vordögum 2018 koma fram ákveðnar niðurstöður t.a.m. um starfsánægju, starfsanda og einnig áreitni, einelti og fordóma. Niðurstöður eru góðar gagnvart starfsánægju og starfsanda. En báðir þessir þættir hafa batnað á milli ára (sjá fylgiskjal 10.1.5. og 10.1.6.). Þættir eins og einelti, áreitni og fordómar í starfsmannahópnum var mælanlegt í könnuninni (sjá fylgiskjal 10.1.7.). Stjórnendateymi Grandaborgar hefur lagst í ígrundun á þeirri niðurstöðu og hefur rætt hvernig hægt er að bæta starfsumhverfið þannig að starfsfólk líði vel.

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Klettavíkur um starfið á síðasta ári

Miðað við mannarót gekk þema deildarinnar yfir veturinn vel. Helsta hindrunin var tímaleysi til að ræð þemað og undirbúa hverju sinni og verkefnin gerð á svolitlum handahlaupum. Mannekla og álag á deildinni hafði áhrif á vinnu verkefnanna en allt tókst að lokum og eftir standa góð verkefni. Við náðum að fara í öll þemun fyrir utan fjöruna sem varð utangarðs þrátt fyrir eina heimsókn niður í fjöru.

Vinna í **fataherbergi** gekk vel. Lögð áherslu á sjálfshjálp. Þeim kennt að passa upp á sín föt og vinna með frágang og umgengni. Fá þau til að lesa í aðstæður og velta fyrir sér hvað þau þurfa að klæða sig í eftir veðri. Kennd góð hegðun í fataherbergi og að bera virðingu fyrir nágranna sínum og hans eigum.

Heilt yfir hefur hegðun við **matarborðin** gengið vel. Umsjónamaður fyrir hvern dag sér um að kynna mat og bjóða börnum inn. Sjálfshjálp við matarborð fer mikið eftir hvað er í matinn, ef matur og áhöld eru heit hjálpa kennarar til en annars skammta þau sér sjálf. Kenna þeim að vera kurteis við matarborðið og sitja fallega. Erum að vinna með borðsiði og mikilvægt að byrja á því mjög snemma. Heilt yfir er þessi stund róleg þar sem börn fá að spjalla saman og og við kennara. Allir að smakka allt og ekki hægt að segja að maturinn sé vondur nema þau séu búin að smakka. Þetta þarf að samræma yfir allan leikskólann. Tala um hægri og vinstri og nýta hvert tækifæri til málörvunar.

Hvíldartími er sögustund á Klettavík. Þá les kennari framhaldssögu fyrir börnin og þau sitja í rólegri stund eftir matinn. Í lestri eru tækifæri nýtt til að kenna þeim önnur orð, auka skilning og málörvun. Spyrja úr sögunni til að sjá hverjir eru að fylgjast með og annað slíkt.

Orðaspjalls aðferðin notuð. Þetta er stund sem hefur reynst vel og verður henni ekki breytt. Hægt að nýta tímann áður en börnin eru sótt á daginn til að bjóða upp á rólega stund inni og hlusta á hljóðbók.

Samverustundir hafa gengið vel. Í upphafi vetrar voru þær nýttar í að kenna þeim dagana, mánuðina, afmælisdagana þeirra, hvar þau eiga heima, hvað mamma og pabbi heita og svo framvegis. Samfélagslegar umræður skapast og miklar þælingar. Vinna með orðaforða, orð, skilning og meira. Mikið rætt um þau, hvernig þeim líður og það sem þau vilja spjalla um. Tala um veðrið og hluti sem geta tengst því. Oft kemur eitthvað frá þeim sem þróast út í samræður. Fá börnin til að tjá sig, standa upp og vera ófeimin. Eftir veturinn finnst okkur þau hafa gott öryggi og eru ekki feimin við að tala fyrir framan samnemendur sína. Hver samverustund byrjar á umsjónarmanni sem hefur ákveðnar skyldur eins og að finna hvaða dagur er, hvaða mánuður og dagsetning. Það hefur skilað sér vel. Hugmynd er að vera með veðurfræðing fyrir næsta vetur og þá væri einn veðurfræðingur fyrir hvern dag sem finnur út

hvað á að klæða sig í og tengt því. Einnig er spurning að skoða fréttamann vikunnar og fá foreldra með í það.

Elstu börnin hafa gagn af **flæði** fram að áramótum en okkur finnst eftir það að það missi marks. Þá finnst okkur hentugra að hafa flæði inni á deild með elstu börnin og bjóða þá upp á útiveru líka, helst þá til að læra á frímínútur sem verða fastur liður í grunnskóla.

Höfum verið með **hópverkefni** eins og vettvangsferðir, KR, skólahópstíma. Hefur yfir höfuð gengið mjög vel og við ánægðar með þau. Engar breytingar gerðar á hópastarfinu, rútínan hélst og oftast farið eftir dagskrá. Að okkar mati er ekki þörf á breytingum, það hefur reynst vel að fara einu sinni í viku í KR, skólaverkefni einu sinni í viku og reynt að fara í vettvangsferðir/göngutúra einu sinni í viku. Hefur gengið vel og börnin náð miklum framförum.

Heilt yfir er **viðmót og menning** leikskólans gott. Andrúmsloft er notalegt og jákvætt, húnur góður á milli starfsmanna og enginn mórall. Okkar tilfinning er sú að almennt séð ríki traust og virðing meðal starfsmanna. Við teljum mikilvægt að stjórnendur séu sýnilegir í starfinu, hrósa starfsmönnum og taka þátt í daglegu starfi eins og hægt er. Einnig erum við sammála um það að hjarta leikskólans sé eldhúsið og það má bæta. Hættan við að ef það er ekki í lagi að þá skapist leiðinda mórall.

Okkar tilfinning er að börnunum **líði** vel í leikskólanum, þau koma glöð og eru oft treg til að fara heim. Til að þeim líði vel er oft nóg að sýna þeim samkennd og rétta þeim hendi í byrjun dags. Þau fá umhyggju og ást og skilning varðandi tilfinningar sínar. Þau eru áhugasöm og virkir þátttakendur. Reglurnar eru fáar en skýrar. Börnin vita hvar þau hafa okkur og þau sýna mikið öryggi í samskiptum við okkur. Það er skilyrðislaust að börnin hlýði til að öllum líði vel, sérstaklega ef farið er í ferðir utan við leikskólann. Börnin eru hvött til að takast á við viðfangsefni, þeim er hrósað fyrir vel heppnaðar tilraunir og bent á góða hegðun. Aðkoma kennara gagnvart krefjandi aðstæðum er fagmannleg eftir fremsta megni. Börnum er kennt að takast á við ágreining sjálf og kennarar skipti sér sem minnst af en þeim er leiðbeint eftir þörfum.

Upplýsingagjöf til foreldra er góð, vikulegir tölvupóstar, Instagram, bréfum og á upplýsingatöflu. Foreldrar eru hvattir til að mæta á viðburði. Foreldrar eru flestir áhugasamir og sýna starfinu mikinn áhuga. Foreldraviðtöl eru í boði fyrir alla foreldra og samtöl eins og þau þurfa. Vikulega eru sendir tölvupóstar sem eru skráðir á íslensku og ensku svo ekkert fari framhjá neinum. Túlkur er í boði fyrir foreldra sem þurfa. Andrúmsloft við foreldra er almennt mjög afslappað og samskipti góð á báða bóga. Okkur er sýnd virðing og vinsemd og samskipti eru yfirhöfuð mjög góð.

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Fjöruvíkur um starfið á síðasta ári

Í eftirfarandi greinargerð er farið yfir það helsta sem unnið var að á Fjöruvík skólaárið 2017-2018. Ekki er farið yfir daglega þætti s.s. matartíma, hvíld og daglegar venjur heldur farið yfir þætti sem deildarstjóra, kennurum og stuðningsfulltrúa fannst mikilvægast að nefna. Eftirfarandi atriði eru þau sem hópurinn ætlar að vinna áfram með og fara meira á dýptina á næsta skólaári.

Starfsmenn skiptu með sér verkefnum sem tengdust **hópatímum** bæði skipulagi og framkvæmd. Einn kennari tók að sér að sinna **myndlistarkennslu**, einn sá um **útinám** og einn sá um **hreyfingu**, deildarstjóri og starfsmaður í stuðning voru utan þessa skipulags. Öllum starfsmönnum var frjálst að koma með hugmyndir að verkefnum eða stýra hópatíma. Þetta fyrirkomulag hentaði deildinni mjög vel og var hægt að sinna þessum verkefnum vel, og hafa þau fjölbreytt og viðfangsefni við hæfi. Til þess að þetta gengi uppfergu þeir starfsmenn sem sinntu sérverkefnum ríflegan undirbúningstíma og voru starfsmenn samstíga með það að finna lausnir til að ná að hafa undirbúning þó að forföll kæmu upp.

Í samræmi við niðurstöður í Ytra mati árið 2016-2017 var lögð aukin áhersla á **lýðræði**, og tækifæri til auka lýðræði innan deildarinnar jukust á ýmsan hátt. **Orðaspjall aðferðin** var kynnt fyrir börnunum á vorönn og það er starf sem verður áfram byggt á.

Dagleg verkefni gengu vel sem og allt skipulag, samsetning barnahópsins kemur til með að breytast á haustönn 2018 og verða gerðar breytingar í samræmi við það og er samstaða meðal starfsmanna hvað það varðar.

Samskipti við foreldra hafa verið mjög góð í vetur og er upplýsingastreymi til þeirra meðal annars í gegnum vikulegan tölvupóst, upplýsingum á töflu í fataherbergi og í gegnum Instagram.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Ölduvíkur og Skeljavíkur um starfið á síðasta ári

Greinargerð Ölduvíkur og Skeljavíkur verður sameiginleg vegna þess að mestan hluta skólaársins voru þessar deildir í mikilli samvinnu. Samsetning barnahópsins á þessum deildum var afar lík fyrir utan það að á Skeljavík voru fleiri yngri börn en á Ölduvík.

Samkvæmt námskrá leikskólans var uppeldisstarfinu skipt í sumar- og vetrarstarf. Sumarstarfið var lausbundnara þar sem meiri áhersla var lögð á útiveru.

Í dagskipulagi deildanna, fyrir vetrarstarfið, er gert ráð fyrir að börnin fari í **myndlist** einu sinni í viku ásamt föstum kennara af deildinni, þar var ýtt undir sköpun, tjáningu og skynjun. Að börnin væru meiri þátttakendur í vali á viðfangsefni. Skráning var í formi Instagram og síðan var myndlistasýning á afrakstri vetrarins á sumarhátíð. Börnin fóru einnig í **hreyfingu** vikulega, Horft var í hreyfiþroska, færni og gleði einstaklinga sem hefur verið kortlögð að einhverju leyti. Næsta skólaár verður hreyfingin markvissari með innleiðingu heilsustefnunnar. Skráning fór m.a. fram með Instagram.

Útinám var vikulega og hófst það strax á haustdögum á Ölduvík en börn af Skeljavík komu inn í vikulegt útinám í febrúar. Í útinámi var unnið með nokkra grunnþætti menntunnar svo sem náttúru- og félagslæsi, hreyfingu, sköpun og vísindi. Skráning á útináminu er sýnileg fyrir foreldra ásamt myndum á Instagram. Útinám var að henta börnum á þessum aldri mjög vel sérstaklega vegna þess að þau styrktust mikið líkamlega, þó þeirra til lengri gönguferða varð meiri og þau lærðu mikið af því að vera í umhverfi sem bauð upp á beina tengingu við náttúruna.

Þema vetrarins skiptist í þrjá hluta, að hausti; Ég og umhverfi mitt, í janúar gamli tíminn, að vori fuglarnir í vesturbænum. Þemað var unnið í útinámi, myndlist, samverustund, í frjálsum leik og í umræðum við matarborð.


Til að efla gæði **samverustunda** verður lögð áhersla á að skipta upp hópnum meira og taka **orðaspjall** markvisst inn. Almenn málörvun er alltaf í gangi, sérstaklega gefist góður tími við matarborð, í fataklefa þar sem börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum. Starfsfólkið er tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða þeirra sjónarmið. Haldið verður áfram með málörvun í samverustund fyrir tvítyngd börn einu sinni á dag. Unnið var markvisst með **Lubba** á báðum deildum og var sérstök stund notuð til þess.

Eftir áramót var útbúinn hópur barna, af báðum deildum, sem þurfti meiri málörvun og við það myndaðist meiri tengsl á milli deildanna en annars hefði orðið.

Í vetur höfum við lagt áherslu á að ýta undir **sjálfshjálp og sjálfstæði hjá börnunum**, við matarborð, í fataherbergi, í vali og í samskiptum og einkunnarorð leikskólans **vinátta, samkennd og virðing** ætlum við að gera sýnilegri í orði og verki.

Börnin hafa tekið þátt í **ákvarðanatöku**, með kosningum um afmælistat og þema afmælisdagsins. Í almennu starfi höfum við haft **lýðræði** að leiðarljósi með þeim hætti að börnin fá að velja sér viðfangsefni í flæði, í vali og ákvarðanatöku. Tilgangur með **flæði** milli deilda var sett upp til að efla lýðræði en einnig til að styrkja sjálfstæði barnanna. Flæði hefur einnig hjálpað börnum að aðlagast á milli deilda og var það mjög áþreifanlegt í haust þegar við vorum búin að vera með flæði á vordögum 2017 og börn sem fluttust á milli deilda að hausti fóru mjög örugg frá yngri deildum yfir á þær eldri.

Upplýsingaflæði til foreldra hefur verið í formi vikulegra tölvupósta, Instagram, með upplýsingum á töflu og miðum í hólfi. Einnig eru mjög góð samskipti augliti til auglitis á þessum deildum og það hefur styrkt mikið samvinnu og samstarf heimilis og skóla.



3 Ytra mat

Ekkert ytra mat var framkvæmt á skólaárinu 2017-2018 en umbótaþættir frá ytra mati skólaársins 2016-2017 var haft til hliðsjónar fyrir skólaárið 2017-2018. Þar var meginniðurstaða að námskrá vantaði fyrir leikskólann Grandaborg og verður þeirri vinnu haldið áfram, eins og komið hefur fram í greinargerð leikskólastjóra.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Sérkennslustjóri síðasta árs sagði upp störfum og aðstoðarleikskólastjóri fyllti upp í það skarð skólaárið 2017-2018. Starfið hefur einkennst af aðlögun í starfi, viðbótar fræðslu og stöðumat á börnum.

4 börn nutu sérkennslu/ stuðning í vetur. Sú vinna var ýmist í höndum eða sérkennslustjóra eða starfsmanna deilda í samráði við sérkennsluráðgjafa og sérkennslustjóra. Við gerð einstaklingsnámskrár hefur verið notast við **AEPS (færnimiðað matskerfi)**. Allir deildastjórar ásamt sérkennslustjóra sóttu það námskeið á skólaárinu 2017 – 2018.

Starfsmaður sótti námskeið í **Atferlisþjálfun fyrir börn með þroskafávík**. Sérkennslustjóri og starfsmenn deilda koma að því mati og markmið gerð út frá því. Það fór eftir vægi markmiða hver hélt utan um að framfylgja þeim eftir en í samráði við sérkennslustjóra.

Auk sérkennsluráðgjafar höfum við nýtt þjónustu frá hegðunarráðgjafa og sálfræðingi.

Teymisfundir með foreldrum hafa verið haldnir reglulega í samráði við sérkennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og sálfræðings þjónustumiðstöðvar. Þeir fundir hafa einnig verið nýttir til fræðslu og ráðgjafar um viðkomandi börn.

Einnig voru börn sem hlutu talþjálfun hjá **Tröppu** sem var ávalt í viðveru starfsmanns. Börnin fengu einn skipulagðan tíma á viku sem var unninn við tölvuskjá (skipe tími)

Málörvun og snemmtæk íhlutun fór fram á öllum deildum. Á yngri deildum var markviss hlustun á „Lubbi finnur málbein“.

Í sögustundum var barnahópnum skipt niður eftir getu og þarfir barnanna. Einnig hefur hefur verið notast við myndir fyrir söngtexta og vísur ásamt „loðtöflusögum“.

Börn á eldri deildum fengu lestur og verkefni við þeirra hæfi á meðan flóknari bókalestur var fyrir hópinn. Á komandi vetri er ætlunin að styðjast við „**Orðaspjall**“ aðferðina við lestu bóka. Bókin um „**snemmtæka íhlutun í málörvun**“ verður ígrunduð ásamt að nýta betur almenn borðspil og **Orðagull** til málörvunar í öllum leikskólanum.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Á skólaárinu 2017 – 2018 var lögð áhersla á að virkja alla starfsmenn til vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku. Karen, deildarstjóri á Fjöruvík fór á fræðslufund um fjölmenningu s.l. haust. Ragnheiður, aðstoðarskólastjóri og starfsandi sérkennslustjóri hefur nýtt sér mikið þjónustumiðstöð hverfisins auk þess að nota efnivið sem SFS býður upp á í gegnum í gegnum fjölmenningarvefinn „Allir með“.

Fjármagn sem kom inn fyrir börnin var meðal annars nýtt í **kennslugögn**. Leiðarljós innkaupa var að vera með verkfæri sem myndi nýtast börnum með annað tungumál en íslensku. Útbúin var **sögutaska** til að auðvelda íslenskukennslu. Sögutaskan, „Tumi ætlar út“ er farið vel yfir hugtök á fatnaði og endurtekning sem er frábær aðferð til að læra annað tungumál. Hugmynd er að útbúa fleiri sögutöskur sem nýtast öllum börnum í leikskólanum.

Þegar börnin byrja í leikskólanum er foreldrum þeirra er boðið upp á tulkþjónustu, ef þess er óskað. Einnig á það við um í foreldraviðtölum. En ef um viðkvæm málefni þarf að ræða þá er tulkþjónusta skilyrði í samtölum.

Upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla fer fram á tveim tungumálum, íslensku og ensku. Til að auðvelda samskipti heimilis og skóla voru útbúnar þemamyndir yfir viðfangsefni og vísur á hverri deild fyrir sig. Þessar myndir fengu börn með heim og sáu foreldrar um að merkja myndirnar með orðum á þeirra móðurmáli. Um leið sáu foreldrar íslensku heitin sem hjálpaði þeim að tengjast íslenskunni. Ýmiss konar þjónusta er sýnileg foreldrum t.a.m. vettvangur á vegum þjónustumiðstöðvar hverfisins. Kallast sá vettvangur **Notaleg samvera** en þar gefst foreldrum tækifæri að kynnast öðrum foreldrum, spjalla og fá fræðslu sem nýtist þeim að til að aðlagast breyttum aðstæðum í þeirra lífi.

Á hverri deild er myndrænt dagskipulag fyrir börnin sem auðveldaði þeim að aðlagast skipulagi deildanna. Hugtak hluta er á viðkomandi hlutum t.d. borð, stóll o.s.frv.. Myndrænt val á leiksvæðum og leikföng eru merkt með texta/lettri. Á flestum deildum hafa fáanar barnanna verið sýnilegir og þarf að endurskoða þá þegar öll börn verða komin í haust. Söngvar og textar og sögur eru ávallt tengdir með myndum sem og loðtöflusögur. Einnig er stuðst við iPad forrit t.d. **Orðagull**, þar sem börn herma eftir hugtökum og hljóðum.

Allur vettvangur leikskólans er notaður til örvunar fyrir börnin og eru hjálpartæki eins og rím, taktur, eftirhermun notuð þannig að barnið fá tilfinningu fyrir íslenskunni. Aðstæður eins og í fataherbergið, við matarborðið, í vinnu í litlum hópum, í samverustundum og í nánum samskiptum t.d. við bleiuskipti eru nýttar til örvunar á íslensku. En til að endurmeta og fylgjast með þróun hjá börnunum er **Orðaskil** notað. Orðaskil aðstoðar við að fylgjast með aukningu á orðaforða barna en einnig eru þau metin eins og hvert annað barn í leikskólanum fyrir foreldraviðtöl.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin eftir áramót og var áhersla á að þeir starfsmenn sem ætla að halda áfram á næsta skólaári fengju tækifæri til samtals. Starfsmenn sem voru búnir að tilkynna að þeir yrði ekki hluti af starfsmannahópnum á næsta skólaári fengu svokallað starfslokasamtal sem gaf þeim tækifæri til að koma með þeirra sjónarmið á starfssemi Grandaborgar. Starfsþróunarsamtölum er ekki lokið þegar starfsáætlun var kláruð en lögð hefur verið áhersla á að samtali við skólastjórnanda getur farið fram hvenær sem er og ef kennarar og aðrir starfsmenn óska eftir samtali, þá er því komið fyrir.

Sí- og endurmenntun í starfsmannahópnum var í gangi allt árið og ýmist einstaklingsmiðuð eða fyrir hópinn í heild á skipulagsdegi (sjá fylgiskjal 10.4.). Ekki fengu allir starfsmenn tækifæri til að fara á einstaklingsnámskeið en reynt er að koma á móts við alla eftir fremsta megni.

Á næsta skólaári verður lögð áhersla á eins og fyrri ár að fá inn í leikskólann námskeið og fræðslu sem gagnast starfsmannahópnum sem heild. Í samráði við ráðgjafa hjá SFS verður sjónum beint að skólanámskrá en einnig aðferðum til að meta skólastarfið.

Ekki liggur fyrir að fara í námsferð þar sem farið var til Brighton árið 2017. Í þeirri ferð fengu hluti þess starfshóps sem verður til staðar skólaárið 2018-2019 kennslu og kynningu á starfsaðferðum sem tengist útinámi og verður haldið áfram að vinna úr þeim upplýsingum.

7 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna var með hefðbundnum hætti skólaárið 2017-2018. Haldnir voru kynningarfundir að hausti fyrir allar deildir og þar gátu foreldrar gefið kost á sér til setu í stjórn foreldrafélagsins og sem fulltrúar foreldra í foreldraráði.

Á vordögum var haldinn kynningarfundur vegna væntanlegra breytinga á opnum ungarnadeildar frá og með hausti 2018.

Foreldraráð var með einn fund á skólaárinu en annars fóru samskiptin fram í gegnum tölvupósta.

Foreldrafélagið hefur hingað til séð um ýmiss konar viðburði í gegnum árin og var það ekkert öðruvísi á skólaárinu 2017-2018.

Foreldrafélagið sér um að borga fyrir viðburði á aðventunni og allt sem því fylgir, bíður öllum börnum upp á að fara á hestbak þegar hestar koma í heimsókn í apríl og uppákomur og pylsupartý á sumaráttíð. Stjórn foreldrafélagsins skipuleggur sveitaferð sem farin er á laugardegi í maí. Foreldrafélagsgjald er innheimt á hvert heimili barna í leikskólanum og hafa innheimtur farið í gegnum heimabanka.

Foreldraviðtöl á skólaárinu voru á flestum deildum með þeim hætti að í þeim mánuði sem barnið á afmæli. Tilgangurinn er að koma á mótis við foreldra að þeir mæti í viðtal á þeim tíma sem þeim hentar og einnig gefst foreldrum nægur tími til að ræða um barnið sitt sem og að fá greinagóðar upplýsingar frá deildarstjóra.



8 Samstarf leik- og grunnskóla

